

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um starfslok vararíkissaksóknara.

Frá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

- Hver verður kostnaður við starfslok Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara? Svar óskast sundurliðað eftir launum, föstum greiðslum, lífeyrissjóðsgjöldum og öðrum launatengdum gjöldum.
- Telur ráðherra að unnt sé að bregðast við því á fullnægjandi hátt samkvæmt gildandi lögum þegar æðsti handhafi ákærvalds lýsir undirmann sinn vanhæfan í öllum málum en enginn hefur vald til að leysa undirmanninn frá störfum án samþykkis hans?
- Hefur ráðherra í hyggju að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum til að skýra viðbrögð við sambærilegar aðstæður síðar?

Skriflegt svar óskast.